

Mál nr. 12/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 21. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 12/2010

Kærandi

gegn

Kærðu

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 1. mars 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglu félagsins með því að sæða tíkina XX þann 6. júní 2009 án þess að tíkin hefði náð tilskildum aldri. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. mars og henni gefinn frestur til að andmæla til 6. apríl. Siðanefnd barst í framhaldinu bréf frá Z þar sem hún óskaði eftir að koma því á framfæri að samkvæmt siðareglum Breska XX klúbbsins segði að ekki skyldi rækta undan tók sem væri yngri en 12 mánaða. Flestir ræktendur pörðu fyrst þegar tók væri milli 18 mánaða og 24 mánaða gömul. Bréfinu fylgdi tölvupóstur frá XXX sem mun vera kunnur ræktandi. Þá sendi kærandi inn vottorð frá Dýraspítalanum í Víðidal. Andsvör og fylgigögn voru send kæranda til umsagnar 3. maí. Kærandi svaraði bréflega 11. maí og vísaði til þess að viðkomandi deild gæti sent bréf til stjórnar HRFÍ og óskað eftir breytingu á lágmarksaldi við pörun á ensk bulldog tíkum með þeim rökstuðningi sem fylgdu andmælum kærðu. Í framhaldi af því voru málsaðilar boðaðir á sáttafund 21. júní en þeim fundi var frestað að beiðni kæranda. Siðanefnd boðaði aftur á sáttafund 7. september en kærða mætti ekki. Í framhaldinu boðaði siðanefnd aftur til sáttafundar með ábyrgðarpósti sem átti að vera þann 21. september. Kærða mætti ekki. Með ítrekuðum fundarboðum sem ekki hefur verið sinnt er fullreynt að reyna sættir með aðilum. Þar sem nefndin taldi að öll gögn um málið lægu fyrir og þau sjónarmið sem máli skiptu væru komin fram, þá var málið tekið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Tíkin XX var sædd 6. júní 2009 en hún var þá sautján mánaða gömul. Tíkin er af tegundinni XXX. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglu félagsins um tilskyldan lágmarksaldur. Kærða afhenti siðanefnd vottorð þar sem fram kemur álit dýralæknisins Ólafar Loftsdóttur um að tíkin hafi verið á sínu öðru lóðarí og hafi að hennar mati á þeim tíma náð fullum líkamlegum þroska. Þess utan hefur kærða bent á að hundur af tegundinni XXX eldist fljótt og sé illa til þess fallin að eignast hvolpa eftir fimm ára aldur. Hún bendir á að meðgangan hafi gengið vel sem og fæðingin. Reglan um lágmarksaldur eigi þannig ekki við um tegundina XXX. Kærandi bendir á að tveggja ára lágmarksaldur gildi þar sem viðkomandi deild hafi ekki sótt um undanþágu frá reglunni til stjórnar HRFÍ.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ að:

„Para ekki tók fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).”

Í málinu liggur það ljóst fyrir að ekki hefur komið fram nein umsókn um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um breytingar á lágmarksaldri tíka fyrir þörun. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Siðanefnd telur að horfa verði til þess að dýralæknir sá um sæðingu títarinnar og það var mat hennar að tíkin hefði náð fullum líkamlegum þroska. Hins vegar er ekki hægt að horfa til þess að tegundin njóti undanþágu enda né að viðkomandi sérdeild mæli með lægri lágmarksaldri.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum HRFÍ

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Herdís Hallmarsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir